

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1090

Dagsetning: 18. nóvember 2025 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Helgi Þorsteinsson (HP), Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÓE), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM), Sigurborg Jónsdóttir (SJ) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 11. nóvember 2025 var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

2. Fundir vikunnar

Umræður um fundi vikunnar hjá framkvæmdastjórn.

3. Aðsend erindi

Fjallað var um erindi frá heilbrigðisráðuneytinu um stofnun þriggja fagraða sem munu vinna að stefnumótun, samræmingu og framkvæmd Stafrænnar heilsu. Þar var óskað eftir tilnefningu fulltrúa HH í fagraðin og hafa tilnefningar þegar verið sendar. Þá var upplýst um erindi frá heilbrigðisráðuneytinu til allra undirstofnana ráðuneytisins í tilefni af fyrirspurn á Alþingi um upplýsingafulltrúa, sem hefur verið svarað.

4. Kynning á rekstri og þjónustustefnu

Farið var yfir rekstur HH og frávikagreiningu eftir fyrstu níu mánuði ársins ásamt þjónustustefnu stofnunarinnar. Undirbúin var kynning á efninu í heilbrigðisráðuneytinu.

5. Þjónustustefna

Rætt var um breytingu á þjónustustefnu HH með aukinni forflokkun erinda sem ekki teljast bráð og aukinni samvinnu starfsstétta á heilsugæslustöðvum. Kanna þarf hvaða heilsugæslustöðvar gætu orðið tilraunastöðvar í því verkefni.

6. Starfsmannamál

Umræður um ýmis starfsmannamál.

Aðgerðir og verkefni

- Funda þarf með heilbrigðisráðuneytinu til að kynna yfirlit yfir rekstrarstöðu HH og þjónustustefnu, sjá lið 4.
Ábyrgð: SDM, HP, RÓE og ÍDH

- Halda þarf áfram útfærslu á breytingu á þjónustustefnu HH, sjá lið 5.
Ábyrgð: RÓE og ÍDH

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 10:00